

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

04 521

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

kt. 710812-0120

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.811,4 milljónir og afkoma kr. 378,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 378,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 461,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Skrifstofustjóri staðfestir hér með ársreikning Endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Ingvi Már Pálsson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.811.400.000	1.156.200.000
Tekjur samtals		<u>2.811.400.000</u>	<u>1.156.200.000</u>
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	2.431.025.500	1.155.204.783
Annar rekstrarkostnaður	4	1.445.285	2.140.854
Gjöld samtals		<u>2.432.470.785</u>	<u>1.157.345.637</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		378.929.215	(1.145.637)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(3.240)	0
		<u>(3.240)</u>	<u>0</u>
Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur		378.925.975	(1.145.637)
Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga		0	0
Afkoma ársins		<u><u>378.925.975</u></u>	<u><u>(1.145.637)</u></u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	3	(1.448.525)	(23.540.854)
Rekstrartilfærslur		380.374.500	22.395.217
		<u>378.925.975</u>	<u>(1.145.637)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	5	<u>461.784.047</u>	<u>2.815.403</u>
Veltufjármunir samtals		<u>461.784.047</u>	<u>2.815.403</u>
Eignir samtals		<u><u>461.784.047</u></u>	<u><u>2.815.403</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Hrein eign		<u>378.925.975</u>	<u>(1.145.637)</u>
Eigið fé samtals		<u>378.925.975</u>	<u>(1.145.637)</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		<u>82.858.072</u>	<u>3.961.040</u>
Skuldir samtals		<u>82.858.072</u>	<u>3.961.040</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>461.784.047</u></u>	<u><u>2.815.403</u></u>
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		378.925.975	(1.145.637)
		<u>378.925.975</u>	<u>(1.145.637)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(458.968.644)	104.093.012
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		78.897.032	(47.461.054)
		<u>(380.071.612)</u>	<u>56.631.958</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>(1.145.637)</u>	<u>55.486.321</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins			
		1.145.637	(55.486.321)
		<u>1.145.637</u>	<u>(55.486.321)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
	Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár

- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.811.400.000	1.156.200.000
Tekjufærsla fjárveitinga	2.811.400.000	1.156.200.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	691.400.000	0	691.400.000
Fjárukalög 3	0	2.120.000.000	0	2.120.000.000
Fjárveiting til tekna	0	2.811.400.000	0	2.811.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(1.448.525)	(2.431.025.500)	0	(2.432.474.025)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(1.448.525)	380.374.500	0	378.925.975

	2020	2019
3 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	22.700.000	19.500.000
Rekstrartilfærslur aðrir	2.408.325.500	1.135.704.783
	2.431.025.500	1.155.204.783

4 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðipjónusta	1.445.285	2.140.854
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	1.445.285	2.140.854

Annar rekstrarkostnaður samtals	1.445.285	2.140.854
---------------------------------	-----------	-----------

31.12.2020 **31.12.2019**

5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	461.784.047	2.815.403
	461.784.047	2.815.403

Skýringar

6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(1.145.637)	55.486.321
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	1.145.637	(55.486.321)
Afkoma ársins	378.925.975	(1.145.637)
Jöfnuður 31.12.	<u>378.925.975</u>	<u>(1.145.637)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Gerðir hafa verið tveir skuldbindandi samningar hjá fjárlagaliðnum. Annar er um kynningu á lögum um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og hinn er um þjónustu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna endurgreiðslukerfi kvikmynda. Áætluð heildargreiðsla vegna skuldbindandi samninga á árinu 2021 er um 29,5 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum, engar óefnislegar eignir eru hjá stofnun.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.